

REGLUGERÐ

um velferð alifugla.

I. KAFLI

Tilgangur, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Tilgangur og gildissvið.

Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja velferð og heilbrigði allra alifugla með góðri meðferð, umhirðu og aðbúnaði. Leitast skal við að alifuglar geti lifað í samræmi við sitt eðlilega atferli eins og framast er kostur. Í reglugerðinni koma fram lágmarkskröfur um einstök atriði.

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari hafa eftirtalin orð merkingu sem hér segir:

1. *Aðgengilegt svæði*: Svæði annað en hreiðursvæði sem er a.m.k. 30 sm breitt, með 14% hámarkshalla og lofthæð a.m.k. 45 sm.
2. *Alifuglahús*: Bygging þar sem fuglahópur er alinn.
3. *Alifuglar*: Hænsnfuglar af ættbálki Galliformes, endur, gæsir og aðrir fuglar aldir til framleiðslu á kjöti og eggjum.
4. *Alifuglabú*: Bú með sérstöku búsnúmeri, landnúmeri samkvæmt fasteignamati auk númers rekstrareiningar innan býlis, þar sem alifuglar eru aldir í einu eða fleiri húsum.
5. *Dritbruni*: Vefjaskemmdir á gangþófum fugla.
6. *Fuglahópur*: Allir alifuglar sem haldnir eru í sama húsnæði eða innan sömu girðingar og mynda eina faraldsfræðilega einingu og hafa sér rekjanleikanúmer. Séu fuglar aldir á húsi eru meðtaldir í hópi allir fuglar sem deila sama loftrými.
7. *Harðýðgi*: Gróf valdbeiting, svo sem barsmíðar og önnur ill meðferð.
8. *Hreiður*: Sérstakt rými sem hænur nota til varps, einstaklingshreiður eða hóphreiður. Óheimilt er að hafa vírnet í þeim gólfleti hreiðursins sem hænurnar liggja eða stíga á.
9. *Kjúklingur*: Fugl af tegundinni Gallus gallus, alinn til framleiðslu á kjöti.
10. *Pallakerfi*: Framleiðslukerfi þar sem fuglarnir geta farið frjálst á milli hæða.
11. *Setprik*: Rúnnuð stöng eða kantur með hrufulausu yfirborði fyrir fugla að sitja á.
12. *Stía*: Afmarkað rými þar sem fugl er haldinn.
13. *Stofnfugl*: Foreldri fugla sem aldir eru til framleiðslu á eggjum eða kjöti.
14. *Umráðamaður*: Eigandi eða annar aðili, sem er ábyrgur fyrir umsjá dýrs.
15. *Undirburður*: Laust og þurrt efni sem molnar auðveldlega og hentar fuglum til að sinna eðlilegu atferli sínu, svo sem að gogga, krafsa og sandbaða sig.
16. *Unghæna*: Hæna af varpstofni yngri en 20 vikna.
17. *Uppsöfnuð dauðatiðni*: Hundradshluti dauðra fugla, annarra en varphæna, frá innsetningu í eldishús þar til tínsla fer fram og til flutnings úr húsi til slátrunar.
18. *Útungunarstöð*: Staður þar sem meira en 1.000 frjóeggjum alifugla er ungað út samtímis í vélum.
19. *Varphæna*: Alifugl af tegundinni Gallus gallus sem náð hefur varpaldri og haldinn er til framleiðslu neyslueggja.
20. *Þéttleiki*: Samanlögð lífþyngd fugla í einum fuglahópi, deilt með fermetrum aðgengilegs svæðis gefið upp sem kg/m².

II. KAFLI

Úttekt og eftirlit.

3. gr.

Opinbert eftirlit.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt reglugerð þessari. Matvælastofnun annast eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar og hefur eftirlit með að ákvæðum hennar sé fylgt.

Umráðamanni alifugla í starfsemi sem talin er upp í viðauka I, ber að tilkynna Matvælastofnun um fyrirhugaða starfsemi eigi síðar en þremur mánuðum áður en áætluð starfsemi hefst. Matvælastofnun skal taka út fyrirhugaða starfsemi. Óheimilt er að hefja starfsemi áður en staðfesting Matvælastofnunar liggur fyrir um að skilyrði varðandi húsakost, búnað og þekkingu sem tilgreind eru í reglugerð þessari séu uppfyllt.

Umráðamanni alifugla ber að tryggja gott aðgengi eftirlitsaðila að öllum alifuglum og öllum þeim svæðum þar sem alifuglar eru haldnir.

Þar sem eigandi er ekki sjálfur umráðamaður yfir búrekstri eða einstakri framleiðslueiningu skal hann tilnefna með sannanlegum hætti hver umráðamaður er.

III. KAFLI

Meðferð og umhirða.

4. gr.

Þekking og hæfni.

Öllum þeim sem halda alifugla, hvort sem það eru einn eða fleiri fuglar, er skylt að afla sér grunnþekkingar á þörfum og umönnun alifugla.

Umráðamaður starfsemi skv. viðauka I, skal hafa lokið prófi í búfræði frá landbúnaðarskóla, lokið námskeiði í alifuglahaldi, starfað við umhirðu alifugla sem nemur tveimur árum í fullu starfi eða geta sýnt fram á sambærilega þekkingu sem viðurkennd er af Matvælastofnun.

Umráðamaður starfsemi skv. viðauka I, skal tryggja að starfsmenn við búreksturinn hafi fengið þjálfun í þörfum og umönnun alifugla og skal hann halda skrá um það. Starfsmaður skal hafa þekkingu á rétttri meðhöndlun fugla, hlotið þjálfun í aflifun einstakra fugla og hafa þekkingu á fyrirbyggjandi smitvörnum og réttum umgengnisreglum.

Óheimilt er að afhenda eða gefa alifugla hverjum þeim sem ekki býr yfir eða hefur aflað sér grunnþekkingar á þörfum og umönnun alifugla.

5. gr.

Almenn meðferð og eigið eftirlit.

Bannað er að beita alifugla harðýðgi.

Eftirlit skal haft með alifuglum að lágmarki einu sinni á sólarhring og bæta svo fljótt sem auðið er úr því sem er ábótavant. Eftirlit skal hafa með öllum kjúklingum og alifuglum í uppeldi í starfsemi samkvæmt viðauka I, að lágmarki tvisvar sinnum á sólarhring.

Umráðamaður skal fylgjast með heilsufari fugla og tryggja að hreinlæti, fóðrun, fóður, vatn og aðrir umhverfisþættir og tækjabúnaður sem getur haft áhrif á líðan fugla, sé í lagi. Aukið eftirlit skal haft með sjúkum og slösuðum fuglum.

Umráðamaður starfsemi skv. viðauka I, skal halda skýrslu um fjölda fugla í hverjum fuglahópi, afdrif þeirra, meðhöndlun, sjúkdóma og varp hjá varphænsna- og stofnfuglahópum. Skráningar skal geyma í að minnsta kosti þrjú ár.

6. gr.

Fóðrun og brynning.

Gæði fôðurs, magn og samsetning skal fullnægja þörfum fugla. Fóðrun og brynning skal vera aðgengileg og nægileg öllum fuglum. Fuglar skulu hafa aðgang að ómengðu drykkjarvatni.

Hafi fuglar ekki stöðugt aðgengi að fôðri skal fóðrunaraðstaða vera þannig að allir fuglar geti étið samtímis. Brynningarbúnaður skal þannig útbúinn, uppsettur og viðhaldið að hætta á vatnsleka sé í lágmarki. Við flutning fugla í önnur hús skal tryggt að þeir finni strax vatn og fôður.

7. gr.

Tímabundnar sýningar á alifuglum eldri en vikugömlum.

Fuglar skulu sýndir í einstaklingsbúrum með heilum hliðarveggjum. Fuglar úr sama hópi mega þó vera í hópbum. Fuglar skulu hafa aðgang að undirburði. Gólf skulu þannig gerð að stuðningur sé fyrir allar framtær

fugls. Ekki má vera dragsúgur í búrunum og hitastig skal vera sem næst kjörhita fugla. Stærð bura skal vera í samræmi við lið 1.1 í viðauka III.

Tryggja skal fuglum á sýningum nægilegt fóður og stöðugan aðgang að ómenguðu drykkjarvatni.

Áhorfendum er óheimilt að handfjatla alifugla.

8. gr.

Tímabundnar sýningar á alifuglum yngri en vikugömlum.

Ungar skulu eingöngu sýndir innandyra. Ungar skulu haldnir á undirburði og þeim tryggður frjáls aðgangur að svæði með hitagjafa, fôðri og ómenguðu drykkjarvatni. Allir ungar skulu geta haft samtímis aðgang að skjóli frá áhorfendum.

Áhorfendum er óheimilt að handfjatla og fôðra unga.

9. gr.

Aðgerðir.

Óheimilt er að fjarlægja líkamshluta eða reyta fjaðrir af fuglum. Heimilt er að fjarlægja líkamshluta fugla sé það nauðsynleg aðgerð að mati dýralæknis og vegna velferðar fuglsins. Við sársaukafulla aðgerð skal deyfa eða svæfa fugla og veita þeim verkjastillandi meðferð.

Óheimilt er að goggstýfa alifugla. Í undantekningartilvikum er þó heimilt að fjarlægja fremsta hluta goggs (*beak touching*) á varphænum og stofnhænum kalkúna að uppfylltum skilyrðum í viðauka II, samkvæmt mati dýralæknis og vegna velferðar fuglanna. Sá sem annast goggstýfingu skal hafa fengið til þess faglega þjálfun.

Óheimilt er að festa á fugla sjónsviðsprengjandi muni eins og gleraugu eða setja á augu hluti sem breyta litarskyni þeirra svo sem litaðar linsur.

10. gr.

Ræktun og æxlun.

Óheimilt er að rækta undan alifuglum sem vitað er að bera alvarlega erfðasjúkdóma eða erfðagalla.

Við ræktun skal þess gætt að ávallt séu alin heilsuhraust dýr. Æxlun er óheimil þegar fyrirsjáanlegt er að hún breyti eiginleikum alifugla á þann hátt að það hafi neikvæð áhrif á heilsu og atferli þeirra.

11. gr.

Handsömun og tínsla.

Við handsömun fugla skal þess gætt að valda þeim ekki óþarfa hræðslu og/eða að þeir meiðist ekki.

Óheimilt er að bera alifugla á höfði, hálsi, stéli eða vængjum, en heimilt er að bera fugla af tegundinni Gallus gallus á vængfestum. Halda má utan um háls anda og gæsa meðan fuglinn er borinn á bringunni. Kalkúna má handsama með taki á vængfestu (öxl) og gagnstæðri löpp. Óheimilt er að lyfta eða halda á kalkúnum á einum fæti. Óheimilt er að taka upp eða bera endur og gæsir á fótum.

Starfsmenn við tínslu alifugla skulu hafa hlotið fræðslu og þjálfun í meðhöndlun fugla og tínslu.

Tínsla til slátrunar á kjúklingum og öðrum fuglum í sambærilegri þyngd af tegundinni Gallus gallus skal fara fram í rökkri eða bláu ljósi. Fuglar skulu handsamaðir og bornir þannig að gripið er yfir vængi og bol fuglsins með báðum höndum eða fuglinum lyft á löppum. Tínsla skal skipulögð þannig að ekki þurfi að bera fuglinn langa vegalengd. Fjöldi fugla í flutningskössum skal miðast við stærð fugla og hitastig í flutningi. Vélbúnaður til tínslu á kjúklingum fyrir slátrun skal vera þannig hannaður að velferð fugla sé í fyrirrúmi.

12. gr.

Heilbrigði og forvarnir.

Umráðamaður skal fylgjast með fôðrun og heilbrigði alifugla í hans umsjá og kalla til dýralækni ef með þarf.

Komi upp óútskýrð vanhöld í eldi eða varpi skal umráðamaður tilkynna það tafarlaust til Matvælastofnunar.

Verja skal alifugla gegn ytri og innri óværu. Komi upp slík vandamál skal meðhöndla fugla í samráði við dýralækni þegar í stað.

13. gr.

Aflífun.

Fuglar sem eru slasaðir eða sjúkir, skulu fá viðeigandi meðferð eða vera aflífaðir tafarlaust. Skyld er að aflífa fugla tafarlaust þegar augljóst er að sjúkdómur eða meiðsl eru kvalafull eða banvæn. Eftir atvikum skal haft samráð við dýralækni.

14. gr.

Húsakostur alifugla.

Framleiðslukerfi og tæknibúnaður skal vera í lagi, viðhaldið og öruggur fuglum.

Búnaður skal vera þannig hannaður að engin slysaætta sé fyrir fugla þegar þeir eru settir inn og teknir út.

Í alifuglahaldi og starfsemi sem fellur undir viðauka I skulu setprik staðsett þannig að þau hindri ekki eðlilega umferð fugla. Setprik skulu ekki staðsett fyrir ofan svæði með undirburði. Lárétt bil á milli setprika skal vera a.m.k. 30 sm og lárétt bil frá setprika til veggs skal vera a.m.k. 20 sm.

Pallakerfi skal þannig hannað að auðvelt sé að hafa eftirlit á öllum hæðum og skal að hámarki vera fjórar hæðir.

Óheimilt er að halda hana í búrum.

15. gr.

Loftræsting og loftgæði.

Einangrun húsa, upphitun og loftræsting skal tryggja að ryk, hitastig, loftraki og óæskilegar lofttegundir séu innan marka samkvæmt viðauka IV. Tryggja skal nægileg loftskipti án þess að dragsúgur myndist í umhverfi fugla.

Í húsum þar sem ekki er gerð krafa um vararafstöð, skulu vera opnanleg fög eða sjálfvirk neyðaropnun á loftræstibúnaði svo unnt sé að loftræsta húsið við bilun í loftræstikerfi.

16. gr.

Lýsing.

Lýsing í húsum og framleiðslukerfum fyrir alifugla skal vera nægileg til að fuglarnir geti haft yfirsýn yfir umhverfi sitt og sinnt eðlilegu atferli. Lýsing skal vera jöfn og nægileg til eftirlits með öllum fuglum. Þetta á við hvort sem notast er við dagsbirtu eða raflýsingu.

Heimilt er að minnka lýsingu tímabundið eða á afmörkuðum svæðum hafi það jákvæð áhrif á heilbrigði og velferð fugla.

Lýsing skal ekki vera svo mikil að hún örvi kropp og fjaðrareytingu. Bannað er að nota lýsingu sem getur haft neikvæð áhrif á atferli fugla. Mögulegt skal vera að stýra ljósstyrk.

Eftir fyrstu aðlögunardagana skal tryggja fullorðnum varphænum órofna myrkvun þriðjung sólarhringsins. Þegar ljós eru slökkt í lausagönguhúsum skulu ljósaskipti vera nægilega löng til að hænurnar geti sest. Sömuleiðis skal birta smám saman þegar ljós eru kveikt.

Lágmarkslýsing fyrir kjúklinga skal vera 20 lux í augnhæð fuglanna í 80% aðgengilegs svæðis. Heimilt er að lækka ljósstyrk tímabundið samkvæmt ráðleggingu dýralæknis. Að undanskilinni fyrstu eldisvikunni og síðustu þremur dögum fyrir slátrun skulu kjúklingar hafa að minnsta kosti 6 klukkustunda myrkur á sólarhring, þar af samfellt myrkur í 4 klukkustundir utan ljósaskipta.

17. gr.

Hljóðmengun.

Stöðugur hávaði frá umhverfi, svo sem vélbúnaði skal að jafnaði ekki fara yfir 65 dB.

Loftræstikerfi, fóðurkerfi og annan vélbúnað skal hanna, setja upp, halda við og reka þannig að sem minnst hljóðmengun verði.

18. gr.

Útivist og skjól.

Útisvæði skulu hönnuð með tilliti til fjölda fugla og gerð jarðvegs til að lágmarka smítalag og mengun.

Á langvegg húsa skulu vera útgönguop sem veita beinan aðgang að útisvæði. Þau skulu vera opin á meðan á útivist stendur. Fjöldi opa skal miðast við stærð, tegund og fjölda fugla.

Á útisvæðum skal vera skjól fyrir veðri og vindum og meindýra- og rándýravarnir tryggðar.

19. gr.

Slysavarnir og viðvörunarbúnaður.

Tæknibúnaður í alifuglahúsum skal vera í lagi og viðhaldið þannig að hann valdi fuglunum ekki meiðslum. Vararafstöð skal vera á búum sem reiða sig alfarið á rafmagn til reksturs á loftræstingu, fóðurkerfum og lýsingu. Óheimilt er að hleypa öðrum dýrum inn á alifuglabú, þ.m.t. í eldishús, fóðurgeymslu og annað geymslurými á búinu. Á þessum búum skal einnig vera viðvörunarbúnaður fyrir of hátt hitastig og straumrof. Viðvörunarbúnaður skal vera með sjálfvirka bilanavakt. Reglulegt eftirlit skal hafa með viðvörunarkerfum.

Ekki er gerð krafa um viðvörunarbúnað í húsum þar sem loftræsting er nægileg þótt vélbúnaður stöðvist.

20. gr.

Smitvarnir.

Ákvæðið gildir eingöngu fyrir starfsemi skv. viðauka I.

Við staðsetningu nýrra alifuglabúa skal taka mið af öðrum alifuglabúum, öðru búfjárhaldi og umhverfi villtra fugla. Alifuglahús skulu vera meindýraheld og varin villtum fuglum. Skipulagðar meindýravarnir skulu vera til staðar. Á alifuglabúum er óheimilt að hleypa inn öðrum dýrum, svo sem í eldishús, fóðurgeymslu og í annað geymslurými á búinu. Óheimilt er að hafa sundfugla og aðra alifugla á sama búi.

Umhverfi alifuglahúss skal vera þurrt og þrífalegt. Skráðar smitvarnareglur skulu vera til staðar. Gæta skal sérstaklega vel að smitvörnum við móttöku og afhendingu fugla.

Á búum þar sem ekki er skipt um alla fuglahópa samtímis skulu fuglahúsin hönnuð og umgengin þannig að hver fuglahópur sé sérstök smiteining. Í hópum með yfir 250 fugla skulu fuglar að jafnaði vera jafngamlir. Í stofnfuglahópum má þó skipta um hana.

Hafi aðili verið í snertingu við alifugla erlendis skal hann ekki fara inn á alifuglabú eða vera í snertingu við fugla fyrr en að liðnum 48 klst., nema hann fari í sturtu og skipti um fót áður en hann gengur inn í alifuglahús.

Dauða fugla skal fjarlægja daglega úr húsi og drit eftir þörfum.

Stofnfuglar og útungunarstöðvar skulu vera lausar við sjúkdóma sem smitast milli kynslóða, nema varist sé smiti með öðrum hætti, svo sem bólusetningu.

21. gr.

Sóttthreinsun.

Ákvæðið gildir eingöngu fyrir starfsemi skv. viðauka I.

Alifuglahús skulu hönnuð og byggð þannig að unnt sé að þrifa og sóttthreinsa húsin.

Rými, innréttingar og verkfæri, sem fuglar komast í snertingu við, skulu þriffin reglulega. Hús, búr og kerfi milli hópa skal þrifa og sóttthreinsa.

Aðstaða til þrifa og sóttthreinsunar á fótabúnaði skal vera við innganga í alifuglahús. Að öðrum kosti skal inngöngum skipt í hrein og óhrein svæði. Viðeigandi hlífðarfatnaður og aðstaða til handþvottar skal vera til staðar.

Klakegg skal tína að minnsta kosti daglega. Sóttthreinsa skal egg strax eftir tínslu með þar til ætluðu sóttthreinsiefni. Eftir sóttthreinsun skal geyma egg í hreinum og sóttthreinsuðum umbúðum í þar til gerðu rými. Rýmið skal vera loftræst, snyrtilegt og sóttthreinsað reglulega. Tína skal óhrein, sprungin, brotin eða lek egg sérstaklega og aðgreina frá heilum eggjum. Óheimilt er að nota þessi egg til útungunar.

IV. KAFLI

Varphænur og stofnfuglar af tegundinni *Gallus gallus*.

22. gr.

Aðbúnaður í lausagönguhúsum varphænsna og fullorðinna stofnfugla.

Innréttingar skulu þannig gerðar að hænur óhreinast ekki af vatni, fóðri eða driti.

Að hámarki skulu vera 9 fuglar á hvern m² aðgengilegs svæðis fyrir fuglahópa innan við 2,4 kg líkamspunga að meðaltali. Að hámarki skulu vera 7,5 fuglar á hvern m² fyrir fuglahópa yfir 2,4 kg líkamspunga að meðaltali.

Ekki skulu vera fleiri en sjö hænur um hvert einstaklingshreiddur. Ef hóphreiddur eru notuð skal vera minnst 1 m² varprými fyrir hverjar 120 hænur.

Hænur af varpkyni skulu hafa aðgang að setprikum og skal hver varphæna hafa a.m.k. 15 sm setrými.

Svæði með undirburði skal vera minnst 1/3 af gólfsvæði stíu og hver fugl skal hafa aðgang að 250 sm² svæði með undirburði í að lágmarki 9 klst. á birtutíma. Heimilt er að víkja frá þessu tímabundið þegar verið er að venja fugl við varphús, þó aldrei lengur en eftir að fullt varp er hafið.

Aflöng fôðurtrog skulu hafa a.m.k. 10 sm fôðurrými á hvern fugl. Hringlaga fôðurtrog skulu hafa a.m.k. 4 sm rými á hvern fugl.

Þar sem notaðar eru drykkjarrennur skal vera 2,5 sm drykkjarrými fyrir hvern fugl og við hringlaga drykkjarker skal vera 1 sm rými á fugl. Þar sem drykkjarnipplar eru notaðir skal vera að minnsta kosti einn drykkjarnippill eða drykkjarbolli fyrir hverja 10 fugla.

Gólf skulu þannig gerð að stuðningur sé fyrir allar framtær fugls. Óheimilt er að hafa fleiri en 18 fugla á hvern m² gólfsvæðis stíu.

Pallakerfi skulu uppfylla öll neðangreind skilyrði:

1. Að hámarki vera fjórar hæðir, hver upp af annarri.
2. Brynningar- og fôðurkerfi skulu þannig staðsett að fugl hafi jafnan aðgang að drykkjarvatni og fóðri.
3. Bil milli hæða skal vera minnst 45 sm.
4. Hæðirnar skulu hannaðar þannig að drit falli ekki niður á næstu hæðir.

Við skipulag húsa skal vera tryggt að unnt sé að sinna eftirliti með öllum fuglum. Í framleiðsluferfum þar sem fuglar hafa aðgang að útisvæði skulu:

1. Útisvæði hönnuð með tilliti til fjölda fugla og gerð jarðvegs, til að lágmarka smítalag og mengun.
2. Útgönguop dreifast þannig á veggi að þau veiti sem greiddastan aðgang að útisvæðinu. Hvert útgönguop skal vera a.m.k. 35 sm hátt og a.m.k. 40 sm breitt. Samanlögð breidd útgönguopa skal vera minnst 2 m fyrir hverja 1.000 fugla. Útgönguop skulu vera þannig að auðvelt sé að loka þeim þegar ástæða er til.

23. gr.

Aðbúnaður í húsum varphænsna með innréttuðum búrum.

Búr skulu þannig gerð að unnt sé að ná fuglum og hafa eftirlit með þeim.

Hver fugl skal hafa að lágmarki 750 sm² búrasvæði, þar af 600 sm² aðgengilegt svæði. Utan aðgengilegs svæðis skal lofthæð vera a.m.k. 20 sm. Samanlögð stærð búra skal vera a.m.k. 2.000 sm² og netþráður skal vera minnst 2 mm að þykkt.

Hænur skulu hafa aðgang að hreiðri, frjálst aðgengi að setprikum, minnst 15 sm á hverja hænu, og aðgang að undirburði. Stærð svæðis með undirburði skal taka mið af fjölda fugla og vera aðgengilegur að lágmarki í 9 klst. á birtutíma. Hænur skulu hafa aðgang að klóslípibúnaði eða öðrum búnaði sem tryggir eðlilegt slit á klóm.

Aðgengi að fôðurrennu skal vera stöðugt og hverri hænu ætlað a.m.k. 12 sm. Brynningarkerfi skal taka mið af þörfum og hópastærð fugla. Hver fugl skal hafa aðgang að minnst 2 drykkjarnippulum eða bollum. Óheimilt er að nota lausan eða færanlegan brynningarbúnað.

Gangur milli búraraða skal vera minnst 90 sm breiddur til að auðvelda eftirlit og flutning í og úr húsi. Bil á milli grinda í neðstu búraröð og gólfs skal ekki vera minni en 35 sm.

Ekki skulu vera fleiri en 5,5 hænur á hvern rúmmetra húss. Aðeins er leyfilegt að halda stofnum með meðallífpyngd undir 2,4 kg í búrum.

24. gr.

Aðbúnaður í húsum varphænsna með hefðbundnum búrum.

Óheimilt er að taka í notkun hefðbundin búr.

Búrasamstæður skulu að hámarki vera fjórar hæðir og tryggt skal að unnt sé að fylgjast með hænsnum í þeim. Hæð frá gólfi að lægsta punkti á neðstu hæð búra skal ekki vera minni en 20 sm. Á hvern rúmmetra hússins skulu ekki vera fleiri en átta hænur.

Hver hæna skal að lágmarki hafa 600 sm² gólfpláss og 12 sm pláss við föðurrennu. Búr skal vera minnst 40 sm á hæð, minnst 32 sm á dýpt (mælt frá framnetinu), með gólfhalla að hámarki 12% og hámark tvær þéttar hliðar.

Brynning skal þannig útbúin að hænur fái alltaf nægt ferskt vatn. Hæð brynningar skal vera þannig að hænur eigi auðvelt með að drekka. Drykkjarnipplar eða bollar til brynningar skulu vera minnst tveir í hverju hólfi, einnig í einstaklingsbúrum. Þegar notuð er vatnsrenna skal hún vera jafnlöng föðurrennu. Færanleg/hreyfanleg föður- og/eða brynningarkerfi eru óheimil.

Net og önnur efni í búrum skulu vera af hentugri gerð og gæðum og þykkt netþráðarins skal vera minnst 2 mm.

Hænur skulu hafa aðgang að klóslípibúnaði eða öðrum búnaði sem tryggir eðlilegt slit á klóm.

25. gr.

Aðbúnaður í húsum til uppeldis.

Ungfuglar skulu aldir upp í sams konar húsnæði, við lausagöngu eða í búi og þeir verða í sem fullorðnir fuglar.

Um uppeldi á foreldrafugli sláturkjúklinga gilda skilyrði í lið 1.2 í viðauka III. Um unghænur gilda skilyrði í liðum 1.3, 1.4 og 1.5 í viðauka III. Innréttingar skulu þannig gerðar að fuglarnir óhreinkist ekki af vatni, fóðri eða driti.

Fuglar skulu hafa stöðugan aðgang að undirburði í lausagönguhúsum. Heimilt er að víkja frá því tímabundið á fyrstu fjórum lífvikum unga.

Ekki er gerð krafa um undirburð og setprik fyrir unghænur sem verða varphænur í hefðbundnum búrum.

V. KAFLI

Kjúklingar.

26. gr.

Aðbúnaður í húsum fyrir kjúklinga.

Brynning skal vera aðgengileg allan sólarhringinn. Fóður skal annaðhvort vera aðgengilegt allan sólarhringinn eða gefið með reglulegu millibili, a.m.k. einu sinni á dag. Fóðrunar- og brynningarbúnaður skal háður skilyrðum í lið 1.6 í viðauka III.

Kjúklingar skulu ávallt hafa aðgang að undirburði, þar sem þeir eru haldnir.

Loftræsting skal vera nægileg til að koma í veg fyrir ofhitnun eldisrýmis og þar sem nauðsynlegt er skal vera til staðar hitunarbúnaður til að koma í veg fyrir kælingu og raka.

27. gr.

Skráningar.

Umráðamaður skal halda skráningar um eftirfarandi atriði fyrir hvern hóp:

- a. Fjölda innsettra fugla.
- b. Aðgengilegt svæði.
- c. Heiti ræktunarstofns.
- d. Dagleg afföll, fjölda dauðra fugla og orsök, sé hún þekkt, og fjölda fugla sem eru aflífaðir, ásamt skýringu.
- e. Fjölda fugla sem eru eftir í húsi eftir sölu eða slátrun hluta hóps.
- f. Rekjanleikanúmer hópsins.

Skráningar skal varðveita í að minnsta kosti þrjú ár og skulu aðgengilegar eftirlitsaðilum.

Við slátrun skulu liggja fyrir upplýsingar fyrir hvern hóp um fjölda innsettra fugla og uppsafnaða dauðatíðni á eldistímanum. Einnig skulu liggja fyrir upplýsingar um fjölda dauðra fugla í flutningi.

28. gr.

Þéttleiki kjúklinga.

Hámarksþéttleiki fugla á aðgengilegu gólfsvæði í eldishúsum skal ekki fara yfir 33 kg/m². Matvælastofnun getur þó veitt undanþágu fyrir aukinn þéttleika í eldishúsum sem falla undir starfsemi skv. viðauka I, séu skilyrði 29. gr. uppfyllt.

Niðurstöður mats á dritbruna skv. viðauka V hafa áhrif á hámarksþéttleika í húsum.

Matvælastofnun getur veitt tímabundna undanþágu um þéttleika umfram skilgreint hámark í ófyrirsjáanlegum tilvikum, þegar ekki er hægt að koma fuglunum í slátrun.

Matvælastofnun ber að tilkynna umráðamanni kjúklinga um stuðul samkvæmt nýjustu upplýsingum frá ræktendum viðkomandi stofns til að umreikna úr slátrupýngd kjúklinga yfir í lífþýngd.

29. gr.

Undanþága fyrir aukinn þéttleika kjúklinga.

Matvælastofnun getur veitt undanþágu fyrir auknum þéttleika allt að 39 kg/m² í eldishúsum sem falla undir starfsemi skv. viðauka I, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Þrír síðustu eldishópar í röð úr sama húsi hafi flokkast í dritbrunaflokk 0 skv. viðauka V og séu án athugasemda.
- Uppsöfnuð dauðatíðni í sjö síðustu hópunum úr viðkomandi húsi sé lægri en $1\% + 0,06\% \times \text{sláturaldur hópsins í dögum}$, nema umráðamaður sýni fram á viðunandi útskýringar um að ástæður dauðsfalla hafi verið sérstakar eða óviðráðanlegar.
- Ekki hafi komið fram frávik frá kröfum settum í reglugerð þessari við eftirlit Matvælastofnunar á búinu síðastliðin tvö ár. Ef ekkert eftirlit hefur farið fram á búinu á tímabilinu skal Matvælastofnun staðfesta með úttekt að kröfur reglugerðarinnar séu uppfylltar.

Undanþága skv. 1. mgr. er veitt á viðkomandi eldishús og fellur ekki úr gildi þrátt fyrir að nýr hópur sé tekinn í gegnum eldishús.

Í öllum kjúklingahúsum með aukinn þéttleika skulu eftirfarandi gögn vera aðgengileg:

- Teikning af húsi þar sem tilgreint er aðgengilegt gólfsvæði.
- Lýsing á loftræstingu, upphitun og staðsetningu búnaðar.
- Lýsing á fôðrunar- og brynningarkerfum og staðsetning þeirra.
- Lýsing á viðvörunarkerfi fyrir hita- og rafmagnsbilanir og á búnaði sem lætur vita um bilanir í viðvörunarkerfum.

Þéttleiki allt að 39 kg/m² er einnig háður því að umráðamaður sýni fram á að loftræstingar- og hitakerfi haldi loftgæði innan marka skv. viðauka IV.

VI. KAFLI

Kalkúnar.

30. gr.

Aðbúnaður í húsum fyrir kalkúna.

Kalkúnar skulu haldnir í lausagönguhúsum og hafa aðgang að undirburði séu þeir aldir innandyra. Lágmarkskröfur til húsakosts eru samkvæmt lið 1.7 í viðauka III.

VII. KAFLI

Endur og gæsir.

31. gr.

Aðbúnaður í húsum fyrir endur og gæsir.

Endur og gæsir skulu haldnar í lausagönguhúsum og hafa aðgang að undirburði, séu þær aldar innandyra. Aðgangur að vatni til böðunar skal vera til staðar. Lágmarkskröfur til húsakosts eru samkvæmt lið 1.8 í viðauka III.

VIII. KAFLI

Útungunarstöðvar.

32. gr.

Almennt.

Fyrir útungunarstöðvar gilda skilyrði þessa kafla og kröfur í 3., 9., 12. og 13. gr. reglugerðarinnar.

Starfsmaður skal hafa hlotið þjálfun um rétta meðferð á frjóeggjum og ungum í útungunarstöðvum. Hann skal hafa þekkingu á fyrirbyggjandi smitvörnum og réttum umgengnisreglum og einnig hafa hlotið tilsögn í aflífun einstakra fugla.

Umráðamaður útungunarstöðvar skal halda nákvæma skýrslu um móttöku eggja, fjölda eggja í útungun, klakhlutfall og dreifingu unga.

Aðeins má dreifa heilbrigðum og hraustum ungum frá útungunarstöð. Ungum skal tryggja nægilega loftræstingu og eðlilegt hitastig.

33. gr.

Smitvarnir.

Umhverfi alifuglahúsa skal vera þurr og þrífalegt. Útungunarstöð skal haldið hreinni og snyrtilegri. Búnaður skal þrífinn eftir hverja notkun og sótthreinsaður fyrir hverja notkun. Flutningatæki sem flytja frjóegg og fugla skulu þrífir og sótthreinsuð milli lota.

Skipulagðar meindýravarnir skulu vera til staðar og útungunarstöð skal meindýraheld og varin fyrir villtum fuglum.

Útungunarstöð er aðeins heimilt að taka við útungunareggjum frá stofnbúum skv. viðauka I eða frá erlendu stofnbúi þar sem innflutningur frjóeggja hefur verið heimilaður.

Viðeigandi hlífðarfatnaður og aðstaða til handþvotta skal vera til staðar.

Hönnun útungunarhúss skal taka mið af vinnuferli og loftræstingu; egg, ungar og loftflæði fari allt í sömu áttina. Þessa er þó ekki krafist ef ekki er tekið á móti nýjum eggjum meðan á útungun stendur.

Í útungunarstöðvum skulu vera aðskilin rými fyrir:

- Fataskipti og skrifstofu.
- Eggjamóttöku.
- Útungun og klak.
- Kyngreiningu.
- Þvott á búnaði og kössum.

Einnig skal vera aðskilnaður milli unga og þvottarýmis. Þar sem ekki er tekið á móti nýjum eggjum meðan á útungun stendur eru ekki gerðar kröfur um aðskilin rými skv. 6. mgr. Ungar skulu fluttir í nýjum eða hreinum og sótthreinsuðum kössum.

IX. KAFLI

Önnur ákvæði.

34. gr.

Viðurlög.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 55/2013 um velferð dýra og laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum. Meðferð mála út af brotum á reglugerðinni fara samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

35. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 55/2013 um velferð dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Við gildistöku þessarar reglugerðar fellur úr gildi reglugerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir 3. mgr. 22. gr. þurfa hænur af varpkyni ekki að hafa aðgang að setprikum fyrr en eftir 1. janúar 2017.

Klóslípibúnaður eða annar búnaður sem tryggir eðlilegt slit á klóm skv. 6. mgr. 24. gr. skal vera til staðar fyrir hænur í hefðbundnum búrum eftir 1. janúar 2017.

Notkun á hefðbundnum búrum skv. 24. gr. skal hætt eftir 31. desember 2021.

Þrátt fyrir 1. mgr. 25. gr. er heimilt til 1. janúar 2017 að ala ungfugla ekki upp í sams konar húsnæði, við lausagöngu eða í búi, og þeir verða í sem fullorðnir fuglar.

Kjúklingahús sem voru í notkun við gildistöku reglugerðarinnar öðlast sjálfkrafa rétt til framleiðslu kjúklinga með þéttleika allt að 39 kg/m² aðgengilegs gólfsvæðis í samræmi við kröfur í 29. gr. Undanþágan fellur þó niður ef í ljós kemur við eftirlit Matvælastofnunar að skilyrði í viðauka V séu ekki uppfyllt. Matvælastofnun skal ljúka eftirlitsheimsóknunum í öll kjúklingabú innan eins árs frá gildistöku reglugerðarinnar.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. janúar 2015.

Sigurður Ingi Jóhannsson

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Rebekka Hilmarsdóttir.

VIDAUKAR

[Hlekkur á reglugerð með viðaukum á PDF formi.](#)

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.